

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 31/1999**  
**frá 26. mars 1999**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með  
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir  
samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/98  
frá 25. september 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/3/EB frá 15. janúar 1998 um aðlögun að  
tækni framförum á tilskipun ráðsins 76/116/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna  
um tilbúinn áburð<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/116/EBE) í XIV. kafla II. viðauka  
við samninginn:

„- **398 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/3/EB frá 15. janúar 1998 (Stjtið.  
EB L 18, 23.1.1998, bls. 25).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 189, 22.7.1999, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 22.7.1999, bls. 97.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 18, 23.1.1998, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/3/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner